Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1275
komudagur 28/3 1996

Reykjavík, 29. febrúar 1996.

Hr. þingforseti
Ólafur G. Einarsson
Alþingi

Undirritaðri hefur verið falið að koma eftirfarandi fundarsamþykkt á framfæri við alþingismenn:

> Fundur í Starfsmannafélagi Kvennaskólans í Reykjavík, haldinn í skólanum 27. febrúar 1996, mótmælir harðlega þeim áformum um skerðingar á réttindum ríkisstarfsmanna sem fram koma í drögum að frumvörpum til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og og um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
>
> Fundurinn bendir á að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lífeyrisréttindi þeirra eru órjúfanlegur hluti af kjörum þeirra. Nýjir kjarasamningar eru því forsenda þess að unnt sé að breyta þessum lögum.
>
> Fundurinn mótmælir einnig harðlega þeirri skerðingu á samningsrétti stéttarfélaga sem felst í drögum að breytingum á lögum um sáttastörf í vinnudeilum.

Virðingarfyllst,

Hrefna Arnalds

Hrefna Arnalds,
trúnaðarmaður HÍK í Kvennaskólanum.